



Hagstofa Íslands

Alþingi  
Erindi nr. P 133/1465  
komudagur 5.3.2007

5.mars 2007

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Umsögn til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis um frumvarp til laga um breyting á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, með síðari breytingum, þskj. 918 – 618 mál.**

Frumvarp þetta er tilkomið vegna fyrirhugaðra breytinga á tíma verðsöfnunar fyrir vísitölu neysliverðs, en frumvarp þess efnis liggur fyrir Alþingi (frumvarp til laga um breyting á lögum um vísitölu neysliverðs, nr. 12/1995, þskj. 854 – 576 mál). Þar er lagt til að vístala neysliverðs verði reiknuð miðað við verð um miðjan mánuð í stað verðs í upphafi mánaðar eins og verið hefur. Ástæða þessa er ný reglugerð Evrópusambandsins, sem tekur gildi 1. janúar 2008, um að samræma tíma verðsöfnunar fyrir samræmda vísitölu neysliverðs í ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Reglugerðin kveður á um að söfnun verðupplýsinga fyrir samræmdu vísitöluna skuli alls staðar fara fram í a.m.k. vikutíma um miðjan hvern mánuð.

Við undirbúning þessara breytinga hafði Hagstofa Íslands frumkvæði að því að kalla saman sérstakan vinnuhóp Hagstofunnar, viðskiptaráðuneytis, Seðlabanka Íslands og Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja til að fjalla um þær og áhrif þeirra á beitingu vísitölu neysliverðs til verðtryggingar. Eftir að tímasetningu á vísitölu neysliverðs hefur verið breytt samkvæmt reglugerð ESB geta ákvæði vaxtalaga um verðtryggingu ekki staðið óbreytt. Samhliða breytingu á tímasetningu á verðsöfnun vísitölu neysliverðs – og þar með á útreikningi og birtingu hennar – þarf að breyta ákvæðum í vaxtalögum til þess að skýrt sé kveðið á um tímatafir milli útreiknings vísitölu neysliverðs og beitingar hennar til verðtryggingar.

Í tengslum við athuganir þessa vinnuhóps var leitað eftir álitum ýmissa hagsmunaaðila svo sem Landssamtaka lífeyrissjóða, stærstu lífeyrissjóðanna og Kauphallarinnar. Í umræðum við þessa aðila og innan vinnuhópsins var aðallega fjallað um tvö atriði, hliðrun verðtryggingar vegna seinkunar og lengingar á söfnun verðupplýsinga og hvort auka ætti sveigjanleika í tímasetningu verðtryggingar.

Eftir að farið verður að safna verðupplýsingum fyrir vísitölu neysliverðs um miðjan hvern mánuð lýkur vinnu við skráningu, prófun og útreikning vísitölnunnar ekki fyrr en í lok mánaðarins. Því verður ekki unnt

að beita vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í byrjun næsta mánaðar eins og nú gildir. Í þessu sambandi var rætt um tvær leiðir; hvort kæmi til greina að láta verðtrygginguna taka gildi um miðjan næsta mánuð eða í byrjun þar næsta mánaðar. Í umræðum við fulltrúa fjármálastofnana og lifeyrissjóða var enginn hljómgrunnur fyrir því að láta verðtrygginguna gilda frá miðjum næsta mánuði eftir birtingu vísitölu neysluverðs heldur bæri fremur að seinka verðtryggingunni um hálfan mánuð, þ.e. til fyrsta dags þar næsta mánaðar (eins og nú er lagt til í frumvarpinu). Í reynd mæltist breyting af þessu tagi ekki illa fyrir hjá fulltrúum sumra hagsmunaaðila. Meðal annars var bent á að þetta leysti vanda við að styðja útreikning á gengi verðbréfa innan mánaðar við verðbólguþátt auk þess sem í lengd hefði seinkun verðtryggingar um hálfan mánuð líklega óveruleg áhrif á verðtryggðar skuldbindingar. Hins vegar er ljóst að hliðrunin getur leitt til hagnaðar eða taps fyrir greiðendur og eigendur verðtryggðra skuldbindinga þetta eina sinn. Vinnuhópurinn fjallaði því um það og ræddi við hagsmunaaðila, hvort og þá hvernig bæri að taka tillit til þessar hliðrunar verðtryggingar. Var meðal annars rætt um hvort breyta þurfi stofni verðtryggðra skuldbindinga sem nemur mældri eða áætlaðri verðbreytingu þessa hálfu mánaðar. Ef svo ætti að vera var helst talið koma til greina að miða við meðalbreytingu vísitölnunnar yfir eitthvert tímabil eða áætla breytinguna í þeim mánuði sem hún verður. Í þessu skyni mætti hafa viðbótarverðmælingu í upphafi febrúar 2008. Ekki fékkst niðurstaða í málinu í vinnuhópnum.

Við undirbúning málsins komu fram af hálfu Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja og Kauphallarinnar sjónarmið um að leyfa bæri meiri sveigjanleika en nú er um tímasetningu og tímabil verðtryggingar. Þannig ætti ekki að kveða á um það í lögum að vísitala neysluverðs taki gildi til verðtryggingar í hverjum mánuði. Í stað þess beri að heimila í lögum að samið sé um tíðni og tímabil verðtryggingar. Líklegt er að mjög fljótt muni myndast um þetta samningsvenja á markaði og almennt er talið að rýmkun af þessu tagi auki sveigjanleika á fjármálamarkaði sem auðveldi samskipti íslensk og erlends fjármálamarkaðar.

Hagstofan tók undir þessi sjónarmið og setti í því sambandi fram eftirfarandi drög að ákvæði þessa efnis í 14. gr. laganna um vexti og verðtryggingu: "Heimilt er að verðtryggja sparifé og lánsfé skv. 13. gr. sé grundvöllur verðtryggingarinnar vísitala neysluverðs sem Hagstofa Íslands reiknar samkvæmt lögum sem um vísitöluna gilda og birtir mánaðarlega í Lögbirtingablaði. Í samningum um sparifé og lánsfé skal kveðið á um hvenær og með hvað millibili vísitala neysluverðs skuli gilda til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár."

Í þessu sambandi benti Hagstofan ennfremur á að verði sú leið farin að rýmka heimildir til tímasetningar verðtryggingar gæti þurft að huga að ákvæðum til bráðabirgða um skil milli núverandi (og samningsbundinna) skilmála um verðtryggingu og nýrra og ógerðra skilmála.

F. h. r.

